



Viðtakandi: Menningaráð Reykjavíkur

Sendandi: Stýrihópur sem skipaður fulltrúum meirihluta og minnihluta í menningarráði í samstarfi við Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur.

Reykjavík, 25. ágúst 2026

Greinargerð

Lögð eru fram drög að nýjum reglum Menningarráðs Reykjavíkur sem eiga að leysa af hólmi gildandi reglur menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála frá 22. ágúst 2022.

Reglurnar og greinargerð þessi eru afrakstur vinnu stýrihóps sem skipaður var fulltrúum meirihluta og minnihluta í menningarráði í samstarfi við Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur.

Markmið breytinganna er að einfalda, skýra og efla styrkjakerfi Reykjavíkurborgar á sviði lista og menningar og tengja það með markvissari hætti við gildandi menningarstefnu borgarinnar, List og menning í Reykjavík 2030. Áhersla er lögð á fjölbreytt og öflugt menningarlíf, aukið aðgengi borgarbúa að listum og menningu, gott starfsumhverfi listafólks og menningarstarf í öllum hverfum Reykjavíkur.

Nýju reglurnar fela í sér heildarendurskoðun á eldri reglum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Gildissvið og markmið eru skýrð. Styrkir skulu renna til verkefna eða starfsemi sem fer fram í Reykjavík eða hefur skýran ávinning fyrir menningarlíf borgarinnar og borgarbúa. Jafnræði, hlutlægni, gagnsæi og meðalhóf við eftirfylgni eru fest í reglurnar.

Styrkjaflokkar eru skýrir. Samkvæmt nýju reglunum verða veittir grasrótastyrkir, verkefnastyrkir og gerðir samstarfssamningar. Fyrirkomulag um styrk til eins tilgreinds Listhóps Reykjavíkur verður lagt af en fjármagni sem áður var ráðstafað til slíks hóps verður áfram ráðstafað með úthlutunum úr sjóðnum en nú í formi verkefnastyrkja.

Grasrótastyrkir eru hugsaðir fyrir yngri kynslóð listamanna. Verkefnastyrkir eru bundnir við afmörkuð verkefni og styrktímabil þeirra verður að jafnaði allt að tólf mánuðir.

Sett eru skýr fjárhæðarmörk.

Grasrótastyrkir verða að jafnaði 200.000 – 800.000 kr.

Verkefnastyrkir verða að jafnaði 800.000–3.000.000 kr.

Samstarfssamningar verða að jafnaði 1.500.000–6.500.000 kr. Samstarfssamningar verða áfram gerðir til tveggja eða þriggja ára og allt að þriðjungi árlegrar fjárheimildar má ráðstafa til þeirra.



Reykjavík



Hæfnisskilyrði umsækjenda eru skýrð. Listamenn, listhópar og lögaðilar geta sótt um verkefnastyrki, en samstarfssamningar standa aðeins lögaðilum með kennitölu og fullnægjandi reikningsskil til boða. Umsækjendur þurfa að hafa staðið skil á gögnum og efnt skyldur vegna fyrri styrkja. Stofnanir og starfsstaðir borgarinnar geta almennt ekki sótt um.

Hlutverk menningarráðs og faghóps. Verkaskipting er skilgreind þannig að menningarráð ákveður árlegar áherslur og skiptingu fjárheimilda, og skipar formann úr röðum faghópsins sem er tilnefndur, líkt og kveðið var á um í eldri reglum, af Bandalagi íslenskra listamanna og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Faghópurinn starfar sjálfstætt og metur umsóknir á faglegum forsendum, meðal annars út frá gæðum, ávinningi, aðgengi, inngildingu, fjölbreytni, jafnrétti, raunhæfni og framkvæmdagetu.

Samningsgerð og vanefndaúrræði eru skýrð. Gefa skal út styrktarbréf vegna grasrótastyrkja, verkefnastyrkja að fjárhæð 1.500.000 kr. eða lægri, en samningar verða áfram gerðir vegna hærri verkefnastyrkja og samstarfssamninga. Umfang skýrslugjafar og eftirfylgni skal taka mið af eðli og fjárhæð styrks.

Reykjavíkurborg getur stöðvað greiðslur, afturkallað styrkloforð, rift samningi eða krafist endurgreiðslu vegna vanefnda ef ekki er staðið við samning eða styrktarbréf.

Endanleg ákvörðun um úthlutun verður áfram hjá menningarráði.

Ábyrgðarkeðjan verður þannig skýr. Faghópurinn annast sjálfstætt faglegt mat og leggur fram rökstuddar tillögur en menningarráð ber ábyrgð á heildaráherslum og endanlegri ráðstöfun fjárheimilda.

Jafnframt er stefnt að því að efla Menningarsjóð fyrir úthlutun ársins 2027, eftir því sem fjárheimildir leyfa. Slík efling er ekki hluti af yfirstandandi reglubreytingu og verður tekin til sérstakrar skoðunar við undirbúning fjárhagsáætlunar, enda er ekki svigrúm til aukinna útgjalda meðan núverandi hagræðingaraðgerðir standa yfir.

